

VÍSINDARÁÐ LANDSPÍTALA - ÁRSSKÝRSLA 2019

FORMÁLI

Út frá sjónarhóli vísinda og vísindamenningar á Landspítala var árið 2019 nokkuð merkilegra en mörg önnur ár. Það kemur aðallega til af tvennu. Annars vegar samþykkti framkvæmdastjórn spítalans nýja vísindastefnu til næstu fimm ára og hins vegar hækkun á framlagi í Vísindasjóð spítalans fyrir árið 2020. Framlagið fór úr 85 milljónum upp í 100 milljónir sem samsvarar 17% hækkun. Með þeirri hækkun hefur framlagið í sjóðinn hækkað um 25% síðustu tvö árin og það munar um þá upphæð fyrir vísindasamfélagið á spítalanum.

Með nýrri vísindastefnu eru stjórnendur spítalans að setja fram mjög skýra sýn á hvert skal halda og hvaða markmiðum skal náð næstu fimm árin. Stefnan endurspeglar sterklega nauðsyn þess að nú er komið að því að leggja sérstaka áherslu á eflingu vísindastarfsins á spítalanum. Forsenda þess að það sé gerlegt er hækkun fjárframlaga til Landspítala. Ekki bara hækkun á fjárframlögum, heldur líka sérmerking ákveðins hluta fjárframlaga til Landspítala sem nýtast skuli í uppbyggingu og reksturs vísindastarfs. Þannig verður betur hægt að koma í veg fyrir að efnahagssveiflur framtíðar komi harðar niður á vísindastarfseminni en annarri starfsemi spítalans.

Einn mikilvægasti þátturinn í nýrri vísindastefnu spítalans er viðurkenning á mikilvægi þess að „ástundun vísindarannsókna sé samofin daglegri starfsemi á spítalanum“. Það er ein af mikilvægum forsendum þess að við veitum sjúklingum þjónustu sem byggir á nýjustu þekkingu. Það er t.d. ein af forsendum þess að okkur gengur vel í baráttunni við þann óþekkta óvin sem SARS-CoV-2 er. Að vísindin séu samofin daglegri starfsemi kallar á mikilvægi þess að sem flestum starfsmönnum sem hafa áhuga á og getu til að stunda vísindarannsóknir verði gert það kleift samhliða klínísku starfi. Bæði í tíma og rúmi.

Við hönnun á nýjum spítala þarf að hafa vísindastefnu spítalans í huga. Vísindastarfsemin má ekki vera aðskilin klínískri starfsemi. Þessir tveir þættir eru eins og aftur- og framhjól á sama mótorhjólínu. Til þess að hámarka nýtingu og afrakstur háskólasjúkrahúss af fjármögnun vísindalegrar starfsemi þarf hún að vera samofin klínískri starfsemi. Þau sem bera ábyrgð á hönnun framtíðarhúsnæðis fyrir Landspítala bera ábyrgð á framtíð Landspítala sem háskólasjúkrahúss. Það er mikilvægt að þau sem bera ábyrgð á byggingu framtíðarhúsnæðis Landspítala geri sér grein fyrir mikilvægi þessa og tryggi að umgjörð sjúkrahússins rúmi metnaðarfulla vísindastarfsemi samofinni klínískri þjónustu.

Þetta er fyrsta eiginlega ársskýrsla Vísindaráðs Landspítala og veg og vanda af samantektinni á Valgerður M. Backman, nýr starfsmaður ráðsins. Undirrituð vill þakka Valgerði fyrir framlag hennar og augljósan áhuga hennar á að efla veg vísinda á Landspítala.

Rósa Björk Barkardóttir, formaður Vísindaráðs

ÁRSSKÝRSLA 2019

Vísindaráð Landspítala er framkvæmdastjórn til ráðgjafar um vísindastefnu og vísindastarf á spítalanum gagnvart háskólastofnunum og öðrum. Vísindaráð á aðild að úthlutun styrkja úr Vísindasjóði Landspítala samkvæmt reglum sjóðsins og semur og innleiðir matsreglur í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir með hliðsjón af matsreglum íslenskra háskóla. Þá er Vísindaráð til ráðgjafar við veitingu viðurkenninga fyrir vísindastörf á spítalanum. Árlega er haldin uppskeruhátíð vísinda á Landspítalanum, Vísindi á vordögum, þar sem vísindastarf er kynnt fyrir starfsfólki spítalans, fræðimönnum og almenningi. Einnig eru veitt verðlaun til vísindamanna og styrkir veittir úr Vísindasjóði Landspítala. Vísindaráð Landspítala er skipað tíu einstaklingum til fjögurra ára í senn. Verkefnastjóri Vísindaráðs er Valgerður M. Backman, náttúrufræðingur, á sviði framkvæmdastjóra hjúkrunar og framkvæmdastjóra lækninga.

VÍSINDARÁÐ ÁRIÐ 2019



Rósa Björk Barkardóttir (formaður), náttúrufræðingur, yfirmaður rannsóknastofu í sameindameinafræði við meinafræðideild Landspítala og klínískur prófessor við Háskóla Íslands



Ragnar Freyr Ingvarsson, sérfræðilæknir við lyflækninga- og endurhæfingarþjónustu Landspítala. Hætti á árinu



Anna Margrét Halldórsdóttir, sérfræðilæknir við Blóðbankann, Landspítala og klínískur dósent við Háskóla Íslands



Sigurður Guðjónsson, sérfræðilæknir við skurðlækningar á Landspítala, tekur við af Ragnari Frey Ingvarssyni haust 2019



Guðrún Kristjánsdóttir, hjúkrunarfræðingur, forstöðumaður við kvenna- og barnaþjónustu Landspítala og prófessor við Háskóla Íslands



Sigríður Zöega, sérfræðingur í hjúkrun á Landspítala og lektor við Háskóla Íslands



Ingibjörg Gunnarsdóttir, næringarfræðingur, deildarstjóri Næringarstofu Landspítala og prófessor við Háskóla Íslands



Þorvarður Jón Löve, sérfræðilæknir við Vísindadeild Landspítala og dósent við Háskóla Íslands



Jón Jóhannes Jónsson, yfirlæknir við erfða- og sameindalæknisfræðideild Landspítala og prófessor við Háskóla Íslands



Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir, hjúkrunarfræðingur, deildarstjóri við meðferðarsvið Landspítala og lektor við Háskóla Íslands. Hætti á árinu



Jóna Freysdóttir, náttúrufræðingur við ónæmisfræðideild Landspítala og prófessor við Háskóla Íslands



Marianne Klinker, sérfræðingur í hjúkrun og forstöðumaður fræðasviðs kvenna- og barnaþjónustu, tekur við af Þórdísi Katrínu Þorsteinsdóttur haust 2019

VARAMENN:

Auðna Ágústsdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri
Inga Reynisdóttir, náttúrufræðingur og klínískur prófessor
Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir, læknir og lektor
María Kristín Jónsdóttir, sálfræðingur og dósent
Paolo Gargiulo, verkfræðingur og prófessor, hættir á árinu

Rannveig Jóna Jónsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun og lektor
Sif Ormarsdóttir, sérfræðilæknir
Sigurður Guðjónsson, læknir, gerist aðalmaður ráðsins á árinu
Valtýr Stefánsson Thors, læknir og aðjúnt
Þór Eysteinnsson, náttúrufræðingur
Þórunn Scheving Elíasdóttir, hjúkrunarfræðingur og lektor

HELSTU VERKEFNI VÍSINDARÁÐS Á ÁRINU 2019

Árið 2019 var annasamt. Hefðbundnir liðir voru umfangsmiklir; yfirferð og mat á umsóknum um styrki til vísindarannsókna og styrki til ungra vísindamanna á Landspítala, umsjón með dagskrá Vísinda á vordögum, þ.m.t. fagleg yfirferð innsendra vísindaágripa, val á heiðursvísindamanni og ungum vísindamanni Landspítala árið 2019. Þá fór fram kynningarstarf í tengslum við nýja vísindastefnu Landspítala sem ráðið vann á síðasta ári og gerði tillögu að til framkvæmdastjórnar Landspítala.

VÍSINDASTEFNA LANDSPÍTALA 2019-2024

Ný vísindastefna Landspítala til næstu fimm ára var samþykkt af framkvæmdastjórn í janúar 2019. Stefnan er grundvölluð á víðtæku samráði við vísindafólk og aðra hagsmunaaðila innan Landspítala. Vísindastefnunni fylgir ítarleg útfærsla á stefnunni sjálfri ásamt tillögum um verkefni og verkferla sem nýta má til að ná settum markmiðum. Vísindastefnuna og ítarefni má finna [hér](#).

EFLING VÍSINDASTARFSEMI Á LANDSPÍTALA

Forstjóri Landspítala óskaði eftir tillögum frá Vísindaráði um leiðir til eflingar vísinda á Landspítala með mögulegu auknu fjármagni næstu 3 árin. Vísindaráð setti fram þrjár tillögur byggðar á Vísindastefnu Landspítala sem samþykkt var fyrr á árinu.

1. Fjármögnun nýdokterastöðu
2. Ráðning kynningar- og fjáröflunarstjóra vísinda á Landspítala, tímabundin staða
3. Stofnun hvatninga-/birtingarsjóðs sem hefði það hlutverk að verðlauna vísindamenn fyrir birtingu á vísindagreinum þar sem fyrsti og/eða síðasti höfundur greinarinnar er starfsmaður Landspítala.

Tekin var ákvörðun um að unnið verði að frekari útfærslu á tillögu nr. 3.

SAMÞYKKTAR BREYTINGAR

Tekin var sú ákvörðun að krefjast þess að leyfi siðanefnda þurfi að liggja fyrir við styrkumsókn, að öðrum kosti yrði umsókn vísað frá. Krafa um leyfi siðanefnda við innsendingu umsóknar var innleidd með haustinu, og auglýsti Vísindaráð þessa breytingu á verkferli strax um sumarið vegna styrkjaflokksins Styrkir til ungra

starfsmanna Landspítala, sem opnaði fyrir umsóknir um miðjan september. Auglýsingar og fjölpóstar sama efnis fóru einnig í loftið með góðum fyrirvara við upphaf styrkumsóknarferils vorstyrkja Vísindasjóðs.

Umsóknarferill styrkja Vísindasjóðs mun hefjast fyrr en verið hefur undanfarin ár. Helstu ástæður eru þær að gefa vísindamönnum lengri tíma til að vinna að umsóknum og veita rýmri tíma í matsferli umsókna. Fram kemur að sú vinna ráðsmanna sem felst í að fá mat á umsóknum frá utanaðkomandi sérfræðingum á sviði umsókna er tímafrek. Með þetta að leiðarljósi var auglýst eftir umsóknum í Vísindasjóð vegna úthlutunar árið 2020 þann 20. desember 2019 og umsóknarfrestur gefinn til 1. febrúar 2020.

Hámarksupphæð sem sækja má um til hvers vísindaverkefnis hefur verið sú sama í mörg undanfarin ár. Ákveðið var að hækka hámarksúthlutun í tvær milljónir árið 2020. Einnig var ákveðið að hver vísindamaður geti að hámarki sótt um styrk til 3ja verkefna árið 2020.

Val á ungum vísindamanni verður framvegis tengt við innsend ágrip vegna veggspjaldakynningar á Vísindum á Vordögum. Einnig var ákveðið að innsending á ágripum og öðrum tengdum gögnum verði rafræn. Gert var ráð fyrir því við hönnun viðmótsins að höfundar ágrips gætu merkt við að vilja koma til greina sem ungur vísindamaður Landspítala og sent inn feril- og ritaskrá rafrænt við sama tækifæri. Þessi háttur kom vel út og einfaldaði til muna vinnu ráðsins við yfirferð ágripa og val á ungum vísindamanni.

Breyting verður á fyrirkomulagi og verklagi við val á heiðursvísindamanni Landspítala 2020. Til viðbótar við hefðbundnar leiðir fyrri ára verður starfsfólki gefinn kostur á að senda inn tilnefningar. Auglýst verður eftir tilnefningum og heimilt verður að tilnefna sjálfan sig og jafnvel hvatt til þess.

RAFRÆNT STYRKUMSÓKNARKERFI

Rafrænt styrkumsjónarkerfi fyrir styrkumsóknir til Vísindasjóðs Landspítala var tekið í notkun árið 2018. Starfshópur innan Vísindaráðs tók saman á árinu athugasemdir frá notendum með það fyrir augum að betrubæta flæðið og auðvelda innleiðingu á kerfinu fyrir styrkjaflokkinn Ungir starfsmenn Landspítala um haustið 2019. Vinna við uppsetningu umsóknareyðublaðs fyrir styrki til ungra starfsmanna hófst strax um sumarið auk þess að farið var yfir allar athugasemdir sem fyrir lágu. Breytingar voru einnig gerðar á umsóknareyðublaði í kerfinu vegna úthlutunar vorstyrkja 2020. Hannaðar voru skilmerkilegar leiðbeiningar fyrir bæði umsækjendur styrkja og matsaðila og þær gerðar aðgengilegri á innra og ytra neti spítalans.

VÍSINDASJÓÐUR-ÚTHLUTUN STYRKJA

Eitt af umfangsmeiri verkefnum Vísindaráðs er árleg umsjón með yfirferð og mati á umsóknum sem berast Vísindasjóði Landspítala. Tvær úthlutanir voru úr Vísindasjóði á árinu, annars vegar vorstyrkir til rannsóknarverkefna vísindafólks á Landspítala og hins vegar styrkir til ungra starfsmanna til klínískra rannsókna.

Auglýst var eftir styrkumsóknum vegna vorúthlutunar sjóðsins í upphafi árs 2019 og var umsóknarfrestur til 7. febrúar 2019. Sjóðnum bárust 114 umsóknir gegnum rafrænt styrkumsjónarkerfi Landspítalans. Úthlutað var styrkjum til 96 verkefna að heildarfjárhæð um 87 milljónir króna. Meðalupphæð styrkja var 910.000 kr.

Styrkirnir voru afhentir við formlega athöfn á Vísindum á vordögum, þann 2. maí 2019 (sjá kafla um Vísindi á vordögum).


Auglýst var eftir styrkumsóknum frá ungum starfsmönnum Landspítala til klínískra rannsókna um miðjan september og var frestur til að skila inn umsókn 31. október 2019. Markmið styrkjanna er að efla klínískar rannsóknir á Landspítala og styðja við rannsóknarvirkni ungra starfsmanna. Úthlutað var styrkjum allt að 1,5 milljónum til 9 verkefna, að heildarfjárhæð um 11 milljónir. Afhending styrkja fór fram við hátíðlega athöfn þann 10. desember 2019. Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala, hélt erindi og formaður Vísindaráðs, Rósa Björk Barkardóttir, ávarpaði fundargesti og gerði grein fyrir umsóknar- og úthlutunarferlinu. Forstjóri Landspítala afhenti styrkina formlega og styrkþegar gerðu stuttlega grein fyrir rannsóknarverkefnum sínum. Fundarstjórn var í höndum Sigríðar Zoëga fh. Vísindaráðs.




Auglýst var eftir umsóknum um vorstyrki Vísindasjóðs 2020 strax 19. desember 2019 og var umsóknarfrestur til og með 1. febrúar 2020. Var sá umsóknarfrestur um mánuði fyrr en árið 2018 og viku fyrr en umsóknarfrestur árið 2019. Tilgangur með breytingum á umsóknarfresti er eins og áður sagði að gefa vísindafólki rýmri tíma til umsóknarvinnslu og Vísindaráði aukinn tíma til faglegrar yfirferðar og mats á umsóknum.

VÍSINDASJÓÐUR-TÖLFRÆÐI


Fjöldi styrkja úr Vísindasjóði Landspítala




Meðalupphæð styrkja




Dreifing styrkuppæða 2019



Vorstyrkur 2019 eftir starfsgreinum



Skipting styrkja eftir kyni



VÍSINDI Á VORDÖGUM 2019

Vísindi á vordögum er uppskeruhátíð vísinda á Landspítalanum. Tilgangur Vísinda á vordögum er að skapa vettvang fyrir starfsfólk Landspítala að hittast og gefa sér tóm til að ræða um vísindi og kynna sér hvað aðrir á spítalanum eru að fást við. Vísindaráð sér um undirbúning Vísinda á vordögum með aðstoð starfsmanna vísindadeildar og samskiptadeildar. Ákveðið var á fundi vísindaráðs að árið 2019 yrðu vísindaverkefni kynnt á veggspjöldum eins og árið 2018. Vísindaráð samþykkti 71 innsend ágríp og voru þau í kjölfarið birt á rafrænu formi í fylgiriti Læknablaðsins nr. 102.



Vísindi á vordögum 2019 hófust með áður auglýstri dagskrá þann 2. maí í Hringssal Landspítala við Hringbraut. Svandís Svavarsdóttir setti hátíðina og flutti ávarp. Heiðursvísindamann ársins 2019 var kynntur og hlaut heiðrunina Dr. Helga Jónsdóttir, prófessor í hjúkrunarfræði og forstöðumaður hjúkrunar langveikra við Landspítala. Helga hélt í kjölfarið kynningu á rannsóknum sínum. Verðlaun voru afhent úr verðlaunasjóði Þórðar Harðarsonar og Árna Kristinssonar í

læknisfræði og skyldum greinum og hlaut þau Runólfur Pálsson yfirlæknir. Hélt hann yfirlit um vísindarannsóknir sínar undanfarinn aldarfjórðung. Þrír vísindamenn fengu verðlaun í formi ferða-/kynningarstyrkja fyrir veggspjöld sín; Daði Helgason, læknir, Sólveig Aðalsteinsdóttir, næringarfræðingur og Stefanía Bjarnarson, dósent og sérfræðingur í ónæmisfræði. Þórir Einarsson Long var valinn ungur vísindamaður Landspítala 2019 og kynnti hann rannsóknir sínar. Vísindaráð valdi einnig sérstaklega eitt framúrskarandi verkefni, að beiðni stjórnar Minningargjafasjóðs Landspítala Íslands (MLÍ) sem sjóðurinn styrkti um 2 milljónir króna. Þetta er í annað sinn sem MLÍ veitir vísindastyrk til starfsmanna Landspítalans á Vísindum á vordögum, en árið 2018 veitti MLÍ 4 milljónir í styrk til tveggja vísindahópa á Landspítalanum. Bertrand Lauth, sérfræðilæknir á barna og unglingsdeild Landspítala og verkefni hans varð þessa heiðurs aðnjótandi í ár. Forsvarskonur sjóðsins veittu styrkinn og styrkþegi kynnti verkefni sitt. Veggspjaldasýning var formlega opnuð að venju og kynntu vísindamenn á Landspítala rannsóknir sínar fyrir gestum og gangandi. Formaður Vísindaráðs ávarpaði fundinn og forstjóri Landspítala, Páll Matthíasson, afhenti formlega 96 styrki úr Vísindasjóði Landspítala. Formlegri dagskrá lauk með myndatökum.



Vísindi á vordögum er mikilvæg hátíð vísinda á Landspítalanum og má áætla að um 100-150 manns hafi sótt hátíðina að þessu sinni til að hlýða á fyrirlestra og skoða veggspjöld auk þess sem margir hafa skoðað efni



hátíðarinnar á sérstakri vefsíðu sem hönnuð var í tilefni Vísinda á vordögum 2019. Mikilvægt er að starfsmenn og aðrir hafi tækifæri til að kynna sér þær vísindarannsóknir sem stundaðar eru á spítalanum og að taka þátt í Vísindum á vordögum er ekki síður mikilvægt fyrir þá starfsmenn spítalans sem eru að stíga sín fyrstu skref í vísindum. Þannig skapast reynsla fyrir áframhaldandi sigra í vísindaheiminum og óumdeilanleg sérþekking í heilbrigðisvísindum sem kemur bæði Landspítalanum og vísindasamfélaginu til góða.

[Dagskrá Vísinda á vordögum 2019](#)

[Fylgirit Læknablaðsins 2019](#)

[Vefsíða Vísinda á vordögum 2019](#)

UM VÍSINDASJÓÐ LANDSPÍTALA

Vísindasjóður Landspítala er rannsóknarsjóður sem árlega veitir um 100 milljónum króna í vísindastyrki til starfsmanna spítalans. Vísindasjóður var formlega stofnaður á árinu 2000 við sameiningu vísindasjóða Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur og voru fyrstu styrkveitingar úr sjóðnum á árinu 2002. Stjórn Vísindasjóðs tekur ákvörðun um styrkveitingar úr sjóðnum með hliðsjón af tillögu frá Vísindaráði Landspítala.

STJÓRN VÍSINDASJÓÐS LANDSPÍTALA

Páll Matthíasson forstjóri og formaður

Ólafur Baldursson framkvæmdastjóri lækninga

Rósa Björk Barkardóttir, náttúrufræðingur og klínískur prófessor

Rúnar Bjarni Jóhannsson deildarstjóri reikningshalds

Sigríður Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar